

Nd.

43. Frumvarp til laga

[40. mál]

um breyting á lögum nr. 18/1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berkla sjúklinga.

Flm.: Vilhjálmur Sigurbjörnsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1984.

Af nettó-ágóða happdrættisins skal varið 80% til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berkla sjúklinga, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni, en 20% til byggingar elli- og hjúkrunarheimila utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis. Þessum hluta af tekjum happdrættisins ráðstafar ráðherra að fengnum tillögum landlæknis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1975. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 32/1969.

Greinargerð.

Á sínum tíma var happdrætti S.Í.B.S. stofnað til að afla fjár til byggingar berklahælisins að Reykjalundi, en á þeim tímum herjaði berklaveiki vítt um land og hjó djúp skörð, einkum í raðir yngra fólks. Með fádæma fórnfýsi og eljusemi fjölmargra áhugamanna, stuðningi alþjóðar og aðstoð ríkisvalds tókst að sigrast á þessum válega sjúkdómi. Sá skjóti og mikli árangur, sem náðist í baráttunni við berklaveikina, vakti verðskuldaða athygli um land allt og jafnvel í nágrannalöndum okkar. Þótt verulegur árangur hafi náðst í baráttunni við berklaveikina, hefur S.Í.B.S. haldið upp öflugum félagsstarfi og snúið sér meira en áður að rekstri vinnuheimilis og sköpun aðstöðu til endurhæfingar sjúkra.

Eitt erfiðasta viðfangsefni sveitarstjórna í dreifbýlinu er að koma á fót vistheimilum fyrir aldrað og sjúkt fólk. Hversu vel sem að þessu fólki er búið á fjarlægum stöðum, verður það að teljast stærst mannúðarmála og eitt helsta baráttumál forsvarsmanna dreifbýlisins að koma, þar sem skynsamlegt telst og aðstæður leyfa, upp elli- og hjúkrunarheimilum, þannig að ekki þurfi að slíta þær sterku rætur, sem tengja þetta fólk við umhverfi sitt, ættingja og samferðafólk. Meginþröskuldur árangursríks starfs á þessum vettvangi er fjárskortur. Til að ráða nokkra bót á er þetta frumvarp um breytingu á ráðstöfunarfé happdrættis S.Í.B.S. flutt, en má á engan hátt skoðast sem vantraust á það stórmerka starf, sem sá félagsskapur hefur innt af höndum undanfarna áratugi.

Það er lagt til, að gildistími heimildar til rekstrar happdrættisins verði lengdur frá 1979 til 1984.